

Fimmtudaginn 15. febrúar 1996.

Nr. 70/1996.

Sýslumaðurinn á Akureyri

gegn

Kristófer Arnari Einarssyni

(Sigurður Eiríksson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 11. febrúar 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 13. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Lögreglurannsókn, sem mál þetta á rætur að rekja til, virðist í upphafi hafa beinst að því, hvort varnaraðili væri eigandi að amfetamíni og hassi, sem fannst við húsleit á Akureyri 8. febrúar sl. Rannsókn málsins lýtur nú að auki að ætlaðri sölu og dreifingu varnaraðila á fíkniefnum.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu 11. febrúar sl. játaði varnaraðili að eiga þau 12 grömm af amfetamíni, sem fundust við húsleitina. Rannsókn á þeim þætti málsins er því svo langt á veg komin, að frekara gæsluvarðhalds er ekki þörf af þeim sökum. Af gögnum málsins má hins vegar ráða, að síðarnefnda rannsóknarefnið kunni að vera yfirgripsmikið og geti meðal annars varðað fleiri, sem enn er eftir að yfirheyra. Virðist sá þáttur rannsóknarinnar skammt á veg kominn. Samkvæmt því verður fallist á, að fullnægt sé skilyrðum a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 fyrir gæsluvarðhaldi yfir varnaraðila. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur.

Það athugast, að af gögnum málsins virðist varnaraðili hafa verið handtekinn föstudaginn 9. febrúar sl. kl. 17.45. Hann var þó ekki leiddur fyrir dómara fyrr en kl. 18.00 10. sama mánaðar. Engar skýringar á þeirri töf er að finna í gögnum málsins. Var þá lögð fram

í dómi krafa um gæsluvarðhald, en í henni er lýsingu sakargifta á hendur varnaraðila ábótavant. Við það tækifæri tók dómariinn skýrslu af varnaraðila, sem var í verulegum atriðum áfátt. Héraðsdómari frestaði málinu og tók það aftur fyrir 11. febrúar sl. kl. 18.00. Þá kvað hann ekki upp rökstuddan úrskurð, heldur tók að nýju skýrslu af varnaraðila. Í kjölfar þess var hinn kærði úrskurður kveðinn upp um kl. 19.00. Þá voru liðnar rúmar 49 klukkustundir, frá því að varnaraðili var handtekinn, og 25 klukkustundir, frá því að hann var upphaflega leiddur fyrir dómara. Þessi málsmeðferð var andstæð 3. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 5. gr. stjórnskipunarlagi nr. 97/1995, og er hún vítaverð.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 11. febrúar 1996.

Með kröfu, dags. í gær, krefst sýslumaðurinn á Akureyri þess, að Kristófer Arnari Einarssyni verkfræðinema, kt. 030775-3929, Rauðarárstíg 40, Reykjavík, verði á grundvelli a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 gert að sæta gæsluvarðhaldsvist til laugardagsins 17. febrúar 1996 vegna grunar um fíkniefnabrot. Hafi hann verið handtekinn 9. þ. m. í framhaldi af handtöku þriggja manna 8. þ. m., en við leit í híbýlum þeirra hafi fundist 12 grömm af amfetamíni og 17 grömm af hassi. Fyrir lögreglu hafi þeir Jónas Oddur Jónasson og Sigurður Skjaldberg borið, að Kristófer Arnar Einarsson hafi verið eigandi amfetamínsins, sem Kristófer Arnar og Jónas Oddur vigtuðu í 12 pakkningar, hafandi drýgt það með mjólkursykri.

Hér hjá lögreglu í dag viðurkenndi Kristófer Arnar að hafa keypt 10 grömm af amfetamíni í Hafnarfirði fyrir 25.000 kr. Hann upplýsti hér fyrir dómi, að hann neytti amfetamíns um helgar, og væri neyslan milli 3 og 4 grömm, og teldist hann stórneytandi.

Hingað í bæinn kom hann með vog, sem hann hefur undir höndum til að veга fíkniefni.

Hann neitar því staðfastlega að hafa ætlað að selja amfetamín hér, heldur hafi þetta verið ætlað til eigin neyslu. Hann bendir á, að sér hafi verið í lófa lagið að koma undan sönnunargögnum, hefði hann ekki hreinan skjöld, þar sem hann hefði vítað um handtöku félaga sinna a. m. k. 5 tímum áður en hann var handtekinn.

Fulltrúi sýslumanns heldur því fram, að rannsóknarhagsmunir krefjist þess, að gæsluvarðhaldi verði beitt.

Álit dómsins:

Miðað við upplýsingar Kristófers Arnars um eigin amfetamínsneyslu og það magn amfetamíns, sem hann átti, ber með vísan til a-staffliðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 að taka kröfuna um gæsluvarðhaldsvist yfir Kristófer Arnari Einarssyni til greina, og skal hann sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 15.00 laugardaginn 17. febrúar 1996.

Úrskurð þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kristófer Arnar Einarsson, kt. 030775-3929, Rauðarárstíg 40, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldsvist allt til kl. 15.00 laugardaginn 17. febrúar 1996.
